



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
15 - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Akureyrarbær
Pétur Bolli Jóhannesson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 15. mars 2006
Tilvísun: UST20060200091/óaj

Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018, endurskoðun

Vísað er til bréfs skipulags- og byggingarfulltrúa Akureyrarbæjar dags. 14. febrúar sl. þar sem skipulagið er sent Umhverfisstofnun til skoðunar og umsagnar. Fram kemur að auglýsingatími og frestur til athugasemda sé til 17. mars. Þrátt fyrir að frestur til að gera athugasemdir við aðalskipulagstillöguna sé liðinn vill stofnunin koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og ábendingum.

Stofnunin gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagið.

Landfyllingar

Samkvæmt greinargerð með skipulaginu er gert ráð fyrir tveimur landfyllingum á skipulagstimabilinu auk minni háttar landfyllinga við Glerárgötu og siglingaraðstöðu Höepfner. Í stærri landfyllingunum er gert ráð fyrir stækkun hafnar svæðis við Krossanes auk landfyllinga við Akureyrarflugvöll.

Umhverfisstofnun gerði með bréfi sínu til Akureyrarbæjar, dags. 23. nóvember 2004, athugasemdir við landfyllingar við Akureyrarflugvöll og vill stofnunin ítreka þá umsögn hér. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru að hluta til innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá (svæði nr. 510, Hólmarnir) en gert er ráð fyrir að við framkvæmdirnar muni verndarsvæði óshólma Eyjafjarðarár minnka um u.þ.b. 75 ha. Hólmarnir eru á skrá alþjóða fuglaverndarsamtakanna (Bird Life International) yfir alþjóðleg mikilvæg fuglasvæði. Forsendur þess að svæðið er sett á þann lista eru þær að um er að ræða svæði þar sem talið er að dvelji yfir 1% af stofni votlendisfugla, þ.e. jaðrakans, sem nýtir svæðið sem áningarstað.

Leirur í Eyjafirði falla jafnframt undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd en samkvæmt henni skulu leirur njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Leirur eru mikilvægir viðkomustaðir ýmissa fuglategunda, einkum vaðfugla, andfugla og máfa, en á undanförunum árum hefur sífellt gengið á slík svæði vegna ýmissa framkvæmda, s.s. landfyllinga. Þau svæði sem eftir eru óröskuð hafa því

sífelld meira verndargildi.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þ.e. sunnan og vestan við flugvöllinn, er óshólmasvæði sem flokkast undir votlendi. Samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd skulu mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri, njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.

Umrætt svæði er eitt af fáum óshólmasvæðum landsins og samkvæmt athugunum sem gerðar voru við Akureyrarflugvöll og í grennd árið 1987 var varp hvergi eins þétt annars staðar í Eyjafjarðarhólum sem innan vallarins. Meðal varpfugla voru þrjár tegundir sem eru á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands, þ.e. grágæs (tegund í yfirvofandi hættu), grafönd og stormmáfur (tegundir í nokkurri hættu). Stofnunin telur það einnig miklu skipta að Kjarnaflæðum verði ekki raskað vegna mikilvægis þeirra fyrir fuglalíf.

Að mati Umhverfisstofnunar munu fyrirhugaðar landfyllingar á flugvallarsvæðinu hafa töluverð áhrif á svæði sem í dag eru mikilvæg fyrir fugla, bæði sem varpsvæði og fæðuöflunarsvæði. Það er mat stofnunarinnar að vegna þessa eigi að endurskoða fyrirhugaðar framkvæmdir með það í huga að draga úr áhrifum framkvæmda á fuglalíf.

Eins og fram kemur í greinargerð með skipulaginu kunna fyrirhugaðar framkvæmdir að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Áskilur Umhverfisstofnun sér rétt til frekari athugasemda við umfjöllun um framkvæmdirnar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum

Fráveita

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp skulu sveitarstjórnir gera tillögur að skilgreiningu viðtaka þar sem það á við og skal hæfni viðtaka til að taka við og eyða skólpi metin skv. skilgreiningu í fylgiskjali 2 með reglugerðinni, sjá einnig 21. og 23. gr. reglugerðarinnar. Umhverfisstofnun telur að í aðalskipulagi eigi að koma fram *tímasett* markmið hvað varðar mat á viðtaka fráveitu

Hávaði


Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir skal kortleggja hávaða á þéttbýlissvæðum, við stóra vegi og stóra flugvelli við þær aðstæður sem tilgreindar eru í viðauka VI í reglugerðinni og meta hve margir verða fyrir áhrifum af völdum hans. Við gerð skipulagsáætlana skal sveitarstjórn hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðakortlagningar, sbr. 9. gr. fyrrgreindrar reglugerðar. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skal gerð hávaðakorta fyrir vegi þar sem umferð er meiri en sex milljónir ökutækja á ári lokið eigi síðar en 30. júní 2007 og fyrir vegi þar sem umferð er meiri en þrjár milljónir ökutækja á ári eigi síðar en 30. júní 2012. Einnig skal gerð hávaðakorta fyrir þéttbýlissvæði lokið eigi síðar en 30. júní 2012.


Samkvæmt gr. 3.2. í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 skal við skipulagsgerð höfð hliðsjón af loftgæðarannsóknum og hávaðamælingum framkvæmdum samkvæmt ákvæðum mengunarvarnareglugerðar og áliti viðkomandi heilbrigðisnefndar og Hollustuverndar ríkisins [nú Umhverfisstofnun]. Samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða skulu skipulagsyfirvöld hafa hliðsjón af niðurstöðum

hávaðamælinga og útreikninga við gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulags.

Umhverfisstofnun telur því nauðsynlegt að við gerð aðalskipulags sé í greinargerð fjallað um umferðartölur um helstu vegi í sveitarfélaginu og birtar spár um umferð á gildistíma skipulagsins og út frá þeim lagt mat á hljóðstig í nágrenni þeirra. Að öðrum kosti sé ekki hægt að meta hvort ákvæði reglugerðar nr. 1000/2005 geti átt við um vegi innan sveitarfélagsins á gildistíma skipulagsins.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Sérfræðingur


Sigrúros Friðriksdóttir
Fagsviðsstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun